

Föstudaginn 16. júní 1978.

Nr. 226/1976. **Sverrir Þorsteinsson**

(Örn Clausen hrl.)

gegn

Helgu Jónsdóttur

og gagnsök

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1976. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar á bótum þeim, sem hon-um var gert að greiða skv. hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu 31. maí 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Dómkröfur hennar eru, að aðaláfrýj-andi verði dæmdur til að greiða henni 2.353.272 krónur með 7% ársvöxtum frá 27. ágúst 1972 til 16. maí 1973, 9% árs- vöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsókn- armál.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð álitserð Guðjóns Hansen tryggingastærðfræðings frá 7. júní 1978 um örorkutjón gagnáfrýjanda. Er þar tekið tillit til nýlegra launabreytinga. Reiknast tryggingastærðfræðingnum, að verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi sé þetta:

	Miðað við tekjur iðnverkamanns	Miðað við tekjur verslunarmanns
Vegna tímabundinnar örorku í 8 mán.	89.487 kr.	16.524 kr.
Vegna varanlegrar örorku	1.527.623 —	1.525.813 —
Samtals	1.617.110 kr.	1.542.337 kr.

Þá segir í álitsgerðinni, að þessar tölur hækki um 97.027 krónur og 92.540 krónur, ef gert sé ráð fyrir tapi lífeyrisréttinda. Tekið er fram, að reiknað sé með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og eftir það með 13% ársvöxtum.

Þegar gagnáfrýjandi hóf störf í veitingastofu aðaláfrýjanda, var hún 17 ára gömul. Vegna æsku hennar var enn meiri þörf en ella að leiðbeina henni rækilega og brýna fyrir henni að gæta sérstakrar varúðar við meðferð heittrar steikingarfeittinnar. Ágreiningslaust er, að plastfata sú, er í málínu greinir, var almennt notuð, þegar feiti var bætt í steikingarpottinn, en þess virðist oft hafa þurft. Var því ástæða til að taka áfrýjanda sérstaklega vara við því að setja heita feiti í plastfötuna. Með þessari athugasemd þykir eiga að staðfesta héraðsdóminn varðandi bótaábyrgð aðaláfrýjanda og sakarskiptingu.

Dómkröfur sínar sundurliðar gagnáfrýjandi með sama hætti hér fyrir dómi og hún gerði í héraði. Í hinum áfrýjaða dómi er sagt frá örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis 29. maí 1974 og að nokkru frá skýringum læknisins á bæjarþingi 10. nóvember 1975. Þá var m. a. bókað: „Vitnið tekur nú fram, að það hafi borið á traumatiskri neurosu hjá stúlkuinni, og dragi hann þá ályktun af því, að hún vildi fela örin, og byggist niðurstaða örorkumatsins að hluta á því.“ Í málflutningi fyrir Hæstarétti var frá því sagt, að gagnáfrýjandi hefði lokið stúdentsprófi á eðlilegum tíma og síðar stundað

nám í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands. Mun hún að forfallalausum ljúka námi þessu vorið 1979.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, er fram komu hjá Jónasi Hallgrímssyni lækni á bæjarþingi 10. nóvember 1975, og örorðum hans þykir nægilega fram komið, að gagnáfrýjandi hafi hlotið nokkra varanlega örorðu vegna slyssins 27. ágúst 1972. Þegar hún slasaðist, hafði hún þó ekki, svo að vitað sé, áform um að velja sér störf, sem henni varð örðugt að vinna vegna brunaöranna. Þá verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi orðið fyrir einhverju fjártjóni vegna tímabundinnar örorðu.

Ljóst er, að gagnáfrýjandi hefur orðið fyrir miska vegna þjáninga, óþæginda og lýta.

Tjón gagnáfrýjanda þykir hæfilega metið 1.400.000 krónur.

Í málflutningi hér fyrir dómi kom fram, að gagnáfrýjandi fékk vegna slyssins, sem mál þetta snýst um, bætur frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð 44.183 krónur. Aðaláfrýjandi krefst þess, að tillit verði tekið til þessa, og er því ekki andmælt af hálfu gagnáfrýjanda. Þykir með hliðsjón af 45. gr. laga nr. 75/1973 eiga að verða við þessari kröfu aðaláfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda í skaðabætur $(1.400.000 \div 44.183) \cdot 2/3 = 903.878$ krónur. Vexti af þessari fjárhæð ber aðaláfrýjanda að greiða eins og krafist er.

Gagnáfrýjandi fékk gjafsókn í héraði, svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, og með bréfi dómsmálaráðherra 27. maí 1977 var henni veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði 400.000 krónur í málkostnað fyrir báðum dómum og renni sú greiðsla í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, 340.000 krónur fyrir báðum dómum.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Sverrir Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Helgu Jónsdóttur, 903.878 krónur með 7% árs-

vöxtum frá 27. ágúst 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður gagnafryjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Loga Guðbrands-sonar hæstaréttarlögmanns, alls 340.000 krónur. Aðalafryjandi greiði 400.000 krónur í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. september 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þ. m., höfðaði Hólmfríður Sigtryggisdóttir, Álfheimum 36 hér í borg, fyrir hönd ófjárráða dóttur sinnar, Helgu Jónsdóttur, s. st., með stefnu, útgefinni 14. febrúar 1975, á hendur Sverri Þorsteinssyni, Álfaskeiði 92, Hafnarfirði. Undir rekstri málsins náði Helga fjárræðisaldri, og hefur hún því tekið við rekstri málsins. Hinn 9. apríl 1976 veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsókn í málinu, og var Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið af hálfu stefnanda.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 2.353.272 auk 7% ársvaxta frá 27. ágúst 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 112.500 auk 7% ársvaxta frá 27. ágúst 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá er bæði í aðalkröfu og varakröfu krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins eins og málið sé ekki gjafsóknarmál. Þá er þess krafist, að talsmanni stefnanda verði ákveðin málssóknarlaun úr ríkissjóði að mati dómarsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækk-

aðar og málskostnaður látinn falla niður. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að hann bjóðist til að greiða stefnanda kr. 112.500 innan 15 daga frá uppkvaðningu dóms í málinu, en án viðurkenningar bótaskyldu.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1972 vann stefnandi í veitingastofunni Hlíðagrilli, Stigahlíð 45-47 hér í borg, en veitingastofa þessi er eign stefnda. Er húsnæði veitingastofunnar tvískipt, afgreiðslusalur og inn af honum eldhús, en á milli þeirra eru dyr með sveifluhurð. Sunnudagsmorguninn 27. ágúst var stefnandi að vinna við djúpsteikingarpott, sem hitaður er með rafmagni og notaður var til að steikja franskar kartöflur. Stóð potturinn frammi í afgreiðslusalnum. Potturinn er þannig útbúinn, að á skál pottsins eru tvær höldur, og er hægt að losa hana frá undirstöðu pottsins. Hitald (element) pottsins er fast við undirstöðuna, en er hreyfanlegt, og er hægt að lyfta því upp úr skálinni. Stefnandi taldi sig hafa sett of mikla feiti í pottinn og var að taka feiti úr honum, en hún hafði áður kveikt undir pottinum. Tók stefnandi litla plastfötu og jós í hana feiti úr pottinum. Er stefnandi var að bera plastfötuna inn í eldhúsið, fór feitin úr fötunni niður á fótleggi hennar. Við þetta brenndist stefnandi á fótleggjum, svo sem síðar verður rakið. Stefnandi fór á slysavarðstofuna, þar sem gert var að sárum hennar. Ekki fór fram rannsókn út af atburði þessum. Var það ekki fyrr en stefnandi fór sjálf til rannsóknarlögreglunnar og gaf skýrslu, að teknar voru skýrslur af öðrum, sem gátu borið um atvik að slysinu og aðstæður á vinnustað. Hafa sömu aðilar síðan komið fyrir dóm í máli þessu.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hún hafi ráðist til starfa í veitingastofunni seint í maí eða snemma í júní 1972 og hafi stefndi sjálfur annast ráðninguna. Hún kveðst ekki hafa starfað á svona veitingastað áður. Hún muni að visu ekki, hvort stefndi hafi spurt sig að þessu, er þau töluðu saman fyrst, en hann hljóti örugglega að hafa fengið vitneskju um það síðar. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort stefndi hafi verið þarna fyrsta daginn, sem hún kom til starfa, en þarna hafi verið stúlka, sem búin hafi verið að starfa þarna nokkurn tíma, og hafi hún átt að kenna sér og annarri stúlku, sem einnig var að hefja starf þarna. Stefnandi kveður þetta þó hafa orðið litla kennslu og hafi þær verið látnar sjálfráðar. Hafi það svo komið mjög oft fyrir síðar, að þær hafi ekki vitað, hvað þær áttu að gera, og ekki hafi verið neinn til að spyrja, en stefndi hafi verið mjög lítið við. Stefn-

andi kveður störf sín hafa verið fólgin í því að steikja mat, sem barna er seldur, svo sem fisk, hamborgara, kjúklinga og franskar kartöflur, og afgreiða til viðskiptavina svo og að afgreiða aðrar vörur, sem barna eru seldar, svo sem sælgæti og gosdrykki. Hafi pylsurnar og kartöflurnar verið steiktar í djúpsteikingarpotti frammi í afgreiðslusalnum. Stefnandi kveður stefnda yfirleitt hafa skipt um feiti í pottinum. Hún hafi sjálf aldrei skipt um feiti í pottinum áður og hafi hún ekki vitað, eftir hverju var farið. Stefnandi kveður sér ekki hafa verið gerð grein fyrir því við störf sín í veitingastofunni, að rúmmál feiti ykist, þegar hún hitnaði í steikingarpottinum. Hún kveður eiginkonu stefnda hafa sagt sér kvöldið áður en slysið varð, að hún, þ. e. stefnandi, eða Gyða ætti að skipta um feiti í pottinum morguninn eftir. Kveðst stefnandi aldrei mundu hafa gert þetta, ef sér hefði ekki verið sagt að gera það. Stefnandi kveður ekki hafa verið um annað að ræða í sínum huga en að nota plastílát til að bera feitina í, sem hún tók úr pottinum, því það hafi alltaf verið notað. Stefnandi kveður hurðina milli veitingastofunnar og eldhússins hafa verið stífa og óþjálá. Stefnandi kveður atvikum á slysinu rétt lýst í skýrslu þeirri, sem hún gaf fyrir rannsóknarlögreglunni, og hefur hún staðfest hana hér fyrir dómi. Segir þar svo: „Sunnudagsmorguninn 27. ágúst s.l. um kl. 09.00 skipti ég um feiti í potti þeim, sem steiktar eru í franskar kartöflur, en potturinn er staðsettur fyrir innan afgreiðsluborðið í veitingasalnum. Eftir að ég hafði skipt um feitina, þá stillti ég pottinn á 150 gráður, sem er lágur hiti, þar sem lítið er að gera fyrir hádegi á sunnudögum. Venjulega er potturinn stilltur á 250-300 gráður, þegar hann er í notkun, en hæst er hægt að stilla hann á 400 gráðu hita. Að þessu loknu fór ég að vinna frammi í eldhúsi.

Nokkru síðar fór ég fram í veitingastofuna og leit á pottinn og tók þá eftir því, að ég hafði látið of mikla feiti í hann, en merki er innan í honum, sem sýnir hámark það, sem má vera af feiti í pottinum. Ég sótti því plastfötu, sem við notum til að bera feitina í á milli, en hún kemur í stórum ílátum, sem geymd eru í eldhúsinu. Ég jós úr pottinum með ausu, sem er úr málm og notuð til að mæla í kartöflur eftir að við höfum steikt þær, og í plastfötuna. Ég jós þrisvar í fötuna, en litlu í einu, þannig að lítið var í plastfötunni. Ég fór síðan með fötuna fram í eldhús, en ég þurfti að fara inn um dyr milli veitingastofu og eldhúss, en hurðin í þessum dyrum opnast á báða vegu, eins og algengt er á

stöðum sem þessum. Hurð þessi hafði verið í ólagi um nokkurn tíma, en nýlega hafði verið gert við hana, og var verri eftir þá viðgerð.

Ég ýtti á hurðina með vinstri hendi og man ekki betur en að ég hafi haldið fótunni fyrir framan mig með hægri hendi. Ég man ekki nákvæmlega hvað skeði, en hurðin skall á mig og fann ég þá til mikils sársauka, aðallega í vinstri fæti. Um leið og ég fann sársaukann tel ég mig hafa misst fótuna í gólfið og hljóp síðan fram í afgreiðslusalinn, þar sem Gyða Þórðardóttir var við vinnu, og bað hana að hjálpa mér, þar sem ég hafði brennt mig.

Gyða fór fram í eldhús til að sækja vatn, en ég fór á eftir henni og lét renna kalt vatn á fótinn.

Sonur eiganda Hlíðargrills, Ásgeir Sverrisson, 12 ára gamall að ég held, var inni í eldhúsi að borða, og hringdi hann fyrir mig á leigubífreið, sem flutti mig í slysadeild Borgarsjúkrahússins, þar sem gert var að sárum mínum. . .

Gyða Þórðardóttir heimsótti mig nokkru eftir slysið, og sagði hún mér þá, að botninn hefði farið úr plastfötunni og feitin þannig farið úr henni. Þá sagði hún mér, að potturinn hefði verið stilltur á 300 gráður, þegar hún athugaði hann á eftir. Ekki sagðist hún hafa breytt hitastillingunni, eftir að ég lét feitina í pottinn í umrætt sinn. Ég tel því, að Ásgeir Sverrisson hafi hækkað hitann á pottinum til að steikja sér franskar kartöflur, sem hann var að borða í eldhúsinu, að sögn Gyðu, en við höfðum hvorugar notað pottinn eða breytt á honum hitastillingunni.

Þetta var í fyrsta skipti, sem ég skipti ein um feiti í pottinum, og mér var aldrei kennt af neinum, sem þarna vinnur, hvernig ætti að gera það, og aldrei tekin vari fyrir því, að hættulegt gæti verið að nota plastfötu við að bera heita feiti. Ég veit að vísu, að hiti getur brætt plast, en ég hélt að feitin væri ekki það heit, að óhætt væri að nota plastfötuna, enda ekki langt um liðið frá því hafði verið skipt um feiti, og var potturinn þá kaldur.

Þá vil ég taka það fram, að samskonar atvik henti starfstúlku, sem þarna vann í fyrra sumar, að botninn datt úr plastfötunni, þegar hún var að hella í hana heitri feiti, en hún slapp án þess að brenna sig. Þetta frétti ég eftir að slysið skeði.“

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi sjálfur ráðið stefnanda til starfa í veitingastofunni. Hann hafi þá kynnt sér, að hún hafi aldrei áður unnið störf, sem þarna voru unnin. Hann kveðst á sama tíma hafa ráðið Gyðu Þórðardóttur til starfa þarna, en

þær hafi verið vinkonur. Hann kveðst sjálfur hafa kennt þeim störf þau, sem unnin voru þarna, fyrsta daginn, sem þær voru þarna. Hafi hann þá m. a. leiðbeint stúlkunum um matreiðslu þeirra rétta, sem þarna eru seldir. Þarna séu margir réttir á boðstólum og geti stúlkur því ekki byrjað að vinna þarna, nema fá einhverja tilsögn áður. Hann kveður tengdamóður sína, Lísu Lovísu Matthíasdóttur (sic), sem þarna hafi unnið sem matræðskona, hafa leiðbeint stúlkunum um þrifnað og hvernig tekið skyldi til þarna. Kveður hann Lísu sjá um veitingastofuna, þegar hann er ekki við. Stefndi kveður steikarpott hafa verið frammi í afgreiðslusalnum og hafi hann verið notaður til að steikja í fransk- ar kartöflur. Lægsta hitastilling á pottinum mun vera 25 eða 50 gráður, en hæsta stilling 250 gráður. Hann kveður kveikt hafa verið undir pottinum fyrst á morgnana og ef ekki hafi verið nein afgreiðsla, þá hafi verið stillt á lægsta hitastig á millihita, svo að fljótlegt væri að hita hann upp, ef steikja þyrfti kartöflur. Ef mikið hafi verið að gera, hafi potturinn verið notaður við hæsta hitastig, 250 gráður. Hann kveður tvö strik vera inni í skál pottsins, sem sýni hámark og lágmark olíu, sem eigi að vera í henni. Ef of litil feiti sé í pottinum, geti hann ofhitnað og hitaldið skemmst, en ef hins vegar sé of mikil olía í honum, geti olían flætt upp úr honum, þegar kartöflur séu settar ofan í hann. Ekki eigi þó að saka, þótt olían nái eina til tvær tommur upp fyrir strikið, sem sýni hámark. Stefndi kveður sér kunnugt um það, að rúmmál feitinnar aukist, þegar hún hitni, en þetta sé svo lítið og eigi ekki að skipta máli, þótt feitin köld nái að efra markinu, sem sé í pottinum. Stefndi kveður yfirleitt skipt um olíu í pottinum einu sinni í viku og sé ekki ósennilegt, að skipta hafi þurft um olíu, þegar slysið varð. Hann kveður stúlkurnar, sem voru á vakt hverju sinni, yfirleitt hafa skipt um olíu í pottinum, en einnig hafi hann gert það sjálfur. Ekki kveðst hann muna, hvort hann hafi sjálfur sýnt stefnanda og Gyðu, hvernig ætti að skipta um olíu í pottinum, en alla vega hafi þær átt að vera búnar að læra þetta eftir allan þennan tíma. Hann kveður skipt um olíu í pottinum þannig, að hitaldinu (elementinu) sé lyft upp úr pottinum. Á skálinni séu höldur og sé hægt að lyfta henni með olíunni. Síðan sé gengið með skálina fram í eldhús og hellt úr henni. Þá er skálin þvegin að innan og hreinsuð með stálull og sjáist þá greinilega merkin inni í skálinni. Síðan sé olíu hellt í skálina og megi gera það hvort sem er frammi í eldhúsi eða eftir

að skálin hefur verið sett í pottinn. Eftir það sé potturinn settur í samband og sé hann tilbúinn til notkunar. Stefndi kveður stálkönnu, sem taki um einn lítra, hafa verið notaða til að setja feiti í pottinn, mæla kartöfluskammta í hann o. fl. og hafi hún einnig verið notuð til að taka feiti úr pottinum. Ekki kveðst hann muna að hafa sagt stefnanda að nota þetta ílát til að taka heita feiti úr pottinum, en kveðst telja víst, að þar sem hún hafi verið búin að vinna þarna það lengi, hafi hún séð sig gera það. Stefndi kveðst aldrei hafa skipt um olíu í pottinum, þar sem hann stóð frammi í afgreiðslunni, enda sé þá ekki hægt að þrifa pottinn. Hann kveður olíuna í pottinum eyðast við notkun og þurfi þá að bæta í hann. Geti komið fyrir að bæta þurfi daglega olíu í pottinn. Geti þá komið fyrir, að taka þurfi heita feiti úr pottinum, ef bæta hafi þurft í hann, á meðan hann var í notkun, en sett hafi verið of mikið í hann. Stefndi kveður matarílát í veitingastofunni vera úr gleri, plasti og stáli. Hann kveður vængjahurð vera milli eldhúss og veitingastofu og hafi hún reynst mjög vel. Það hafi einu sinni komið fyrir, að hún hafi eitthvað verið í ólagi og hafi þurft að herða einn gorm. Hafi viðgerðarmaður hússins gert það. Kveðst hann ekki hafa orðið var við, að hurðin væri í ólagi, þegar þessi atburður gerðist. Stefndi kveðst yfirleitt koma í veitingastofuna á morgnana til að setja skiptimynt í peningakassann og geti vel verið, að hann hafi verið búinn að koma í veitingastofuna þennan sama morgun áður en slysið varð. Hann kveður Gyða Þórðardóttur hafa skýrt sér frá því, er hann kom á staðinn eftir slysið, að hún hefði varað stefnanda við að setja feiti í plastfötuna.

Vitnið Gyða Þórðardóttir kveðst hafa byrjað að vinna í Hlíðagrilli um 1. júní ásamt þremur öðrum stúlkum. Hún kveðst ekki hafa unnið áður á „grillstað“. Hún kveður kennslu þá, sem hún fékk þarna, ekki hafa verið fullnægjandi. Sér hafi verið sagt, hvaða hitastig ætti að vera á pottum, og ef hiti minnkaði vegna notkunar, hafi þurft að hækka hitastillingu. Eins hafi þurft að lækka hana, ef lítið var að gera. Hins vegar hafi sér ekki verið kennt allt í sambandi við matreiðsluna og hafi hún því stundum átt í erfiðleikum. Þá hafi sér ekki verið bent á, hvað væri hættulegt við störfín, og ekki hafi hún verið vörð við umræddum potti. Gyða kveður stefnda lítið hafa verið í veitingastofunni, en tengdamóðir hans hafi verið þar öðru hverju á morgnana. Hún kveður stúlku, sem var að hætta störfum, hafa kennt sér, hvernig hreinsa ætti pottinn. Hafi þetta verið fólgið í því að fjarlægja

rusl, sem farið hafði ofan í hann, og hreinsa pönnu undir honum. Hún kveðst aldrei hafa séð, að potturinn væri alveg tæmdur, heldur aðeins að feiti væri tekin úr honum, án þess að hann væri tæmdur, og síðan bætt í hann feiti aftur. Kveðst hún aldrei hafa komið nálægt pottinum til að skipta um feiti, nema sér væri sagt að henda feiti úr honum eða bæta í hann. Umræddan morgun kveðst Gyða hafa verið við vinnu í veitingastofunni ásamt stefnanda og hafi stefnandi talað um það, að hún ætti að skipta um feiti í umræddum potti. Kveður hún stefnda eða eiginkonu hans hafa talað um það kvöldið áður, að feitin í pottinum væri orðin svört og þyrfti að skipta um hana. Kveðst Gyða muna eftir, að lítil feiti hafi verið í pottinum og hún hafi verið orðin svört. Hún kveður stefnda hafa komið í veitingastofuna um morguninn ásamt syni sínum. Stefndi hafi haft þar stutta viðdvöl, en sonur hans hafi orðið eftir. Kveðst Gyða hafa farið að setja matvörur inn í kælskáp, en stefnandi hafi farið að skipta um feiti í umræddum potti. Ekki hafi hún þó séð stefnanda taka feiti úr pottinum. Hafi svo stefnandi farið fram í eldhús. Gyða kveður búið hafa verið að kveikja undir pottinum, en hann hafi verið stilltur á lægsta hita, svo sem venjulegt sé, þegar lítið sé að gera, og muni það vera 100-150 stig. Í notkun sé hann hins vegar stilltur á 300-400 stig. Hún kveðst nú hafa kallað til stefnanda og sagt henni, að það væri of mikil feiti í pottinum. Muni það hafa verið um 15 mínútum eftir að stefnandi hafði lokið við að skipta um feiti í honum. Hafi stefnandi svo komið fram í afgreiðslusalinn og talað um, að hún þyrfti að taka feiti úr pottinum. Hún hafi í fyrstu ætlað að taka blikkfát, sósuskál, sem yfirleitt hafi staðið þarna og í hafi verið feiti til að smyrja kjúklinga, sem átti að „grilla“. Sósuskálin hafi hins vegar verið óhrein og hafi stefnandi þá tekið plastfötu og látið hana standa við hliðina á pottinum og ausið í hana. Kveðst Gyða yfirleitt ekki hafa séð annað ílát notað við að skipta um feiti í pottinum en þessa plastfötu, enda hafi það ekki verið gert, nema þegar feitin var köld. Gyða telur, að hún hafi verið að hugsa um, að ekki væri rétt að nota plastfötu undir feitina. Hún kveðst svo hafa séð stefnanda leggja af stað með fötuna fram í eldhús og hafi hún haldið henni fyrir framan sig með báðum höndum. Gyða kveðst nú hafa haldið áfram með það, sem hún var að gera, en svo hafi hún heyrt stefnanda reka upp hljóð. Er hún leit upp, hafi hún séð stefnanda koma hoppandi á öðrum fæti og biðja um vatn. Kveðst Gyða þá hafa séð, hvað

skeð hafði og að stefnandi var mikið brunnin á vinstri fæti. Hún hafi síðan aðstoðað stefnanda við að láta kalt vatn renna á fótinn frammi í eldhúsi, en þar hafi þá setið Ásgeir, sonur stefnda, og verið að borða franskar kartöflur. Ekki kveðst Gyða hafa hreyft við hitastillingunni á pottinum eftir að stefnandi hafði skipt um feiti í honum, en þegar hún hafi athugað pottinn eftir slysið, hafi hann verið stilltur á 300 gráður. Gyða kveður það ekki óalgengt, að börn stefnda hafi komið í veitingastofuna á morgnana og fengið sér franskar kartöflur og fleira, sem þau út-búi sjálf, og hafi ekki verið óalgengt, að búið hafi verið að breyta hitastillingu frá því, sem verið hafði á morgnana. Gyða kveður vængjahurð milli veitingastofu og eldhúss hafa verið leiðinlega í notkun og hafi hún stundum viljað standa á sér eða verið stíf.

Guðný Ásgeirsdóttir, eiginkona stefnda, kveðst hafa komið daglega í veitingastofuna á þeim tíma, er slysið varð, og starfað þar við allt, sem gera þurfti. Hafi hún einnig sagt til stúlkum þeim, sem þarna störfuðu. Kveðst hún telja það nokkuð víst, að hún hafi verið í veitingastofunni, er stefnandi byrjaði að vinna þar sumarið 1972. Er nýjar stúlkur byrja að vinna þarna, kveður hún byrjað á að leiðbeina þeim um notkun tækja, sem þarna eru. Einnig sé þeim gerð grein fyrir því, hvað sé selt í veitingastofunni. Kveðst Guðný telja víst, að hún hafi leiðbeint stefnanda um þessi atriði. Hún kveður eitt af tækjunum þarna vera pott, sem notaður hafi verið til að steikja í franskar kartöflur og staðið hafi frammi í afgreiðslusal veitingastofunnar. Sé þetta pottur sá, sem stefnandi var að vinna við, er slysið varð. Hafi hann yfirleitt verið stilltur á 300-350 gráður. Kveður hún alla þá, sem unnu við matargerð, jafnframt hafa unnið við að steikja franskar kartöflur í þessum potti. Í sambandi við notkun þessa potts kveður Guðný stúlkunum hafa verið leiðbeint um, að olían í honum mætti ekki fara upp fyrir merki og ekki niður fyrir visst merki. Það hafi getað komið fyrir, að of mikil feiti væri sett í pottinn og ef feitin hafi farið mikið upp fyrir efra markið, hafi þurft að taka feiti úr pottinum. Til þess hafi verið notuð málmleif og málm-pottur. Hafi verið búið að sýna stúlkunum þetta og hafi þær því vel vitað um þetta. Guðný kveður steikarpottinn hafa verið hreinsaðan svona einu sinni í viku. Þá hafi verið farið með hann fram í eldhús, öll feiti tekin úr honum og hann hreinsaður. Hún kveður stúlkunum ekki hafa verið leiðbeint um þetta, því þetta hafi hún sjálf, móðir hennar eða stefndi gert. Milli þess sem

steikarpotturinn var tæmdur og hreinsaður kveður hún sömu feitina hafa verið í honum, en þar sem feitin eyðist við notkun, hafi þurft að bæta feiti í pottinn. Guðný kveðst ekki hafa verið stödd í veitingastofunni, þegar slysið varð, en komið þar skömmu síðar. Þá hafi móðir sín verið þar og Gyða Þórðardóttir. Kveður hún Gyðu hafa sagt sér, að hún hefði varað stefnanda við að setja feitina í plastfötuna, en setja hana í staðinn í pott, sem þarna var. Kveður Guðný þetta hafa verið pott þann, sem notaður hafi verið í þessu skyni og stúlkunum hafi verið kunnugt um. Ekki kveður Guðný stúlkurnar hafa verið varaðar við því að bera feiti, sem tekin var úr steikarpottinum, í plastfötu, en stúlkunum hafi í upphafi verið bent á að setja feitina í málmpottinn, sem þarna var. Guðný kveðst ekki hafa gefið stúlkunum fyrirmæli um að skipta um olíu í pottinum. Ekki kveðst hún heldur hafa gefið fyrirmæli um að bæta olíu í pottinn, því það hafi stúlkurnar átt að gera án þess að fá sérstök fyrirmæli.

Anna Louise Matthíasson, tengdamóðir stefnda, kveðst vinna margvísleg störf í veitingastofunni. Hún kveður það eiginlega hafa verið í sínum verkahring að segja til stúlkum þeim, sem þarna störfuðu, m. a. stefnanda og Gyðu, hvað þær ættu að gera. Hafi hún sjálf eða Guðný leiðbeint stúlkum, sem hófu störf í veitingastofunni. Hún muni þó ekki, hvort hún hafi leiðbeint stefnanda eða Gyðu varðandi notkun steikarpotts þess, sem slysið varð við. Kveðst hún ekki hafa haft afskipti af potti þessum milli þess sem hún hafi hreinsað hann frammi í eldhúsi einu sinni í viku. Hún hafi þó minnkað hitann á honum, ef stúlkurnar hafi gleymt honum á fullum straumi. Anna kveðst ekki hafa verið stödd í veitingastofunni, þegar slysið varð, en komið þangað skömmu síðar. Þá hafi stefnandi verið farin, en Gyða og sonur stefnda hafi verið þar. Hafi Gyða verið í uppnámi og hafi hún sagst hafa verið búin að segja stefnanda að taka ekki plastfötuna undir feitina.

Ásgeir Sverrisson, sonur stefnda, kveðst hafa verið í veitingastofunni þennan morgun ásamt stefnanda og Gyðu Þórðardóttur. Hafi hann farið fram í afgreiðsluna og steikt sér franskar kartöflur í steikarpottinum, sem þar var. Hann kveðst ekkert hafa átt við hitastillingu pottsins. Kveðst hann aldrei hafa verið látinn koma nálægt slíku í veitingastofunni, enda hafi faðir sinn verið búinn að banna sér að eiga við stillihnappa á tækjum þar. Ásgeir kveðst svo hafa farið fram í eldhús og borðað kartöflurnar, en

á meðan hann var að því, hafi hann heyrt óp frá stefnanda og hafi Gyða síðan komið með hana fram í eldhúsið. Hafi hann þá séð, að stefnandi hafði brennt sig á öðrum fætinum, er hún var að bera heita feiti í plastfötu, en botninn hafði bráðnað úr fótunni. Hann kvað Gyðu síðan hafa aðstoðað stefnanda við að láta kalt vatn renna á fótinn, en síðan hafi stefnandi farið í leigubíl í slysavarðstofuna.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur skoðað umræddan pott. Er skýrsla stofnunarinnar um þetta svohljóðandi:

„Að beiðni Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns var gerð hjá raffangaprófun, Rafmagnseftirliti ríkisins, hitaprófun á djúpteikingarpotti úr Hlíðargrilli við Stigahlíð í Reykjavík.

Áletrun á pottinum er:

FOOD EQUIPMENT DIVISION MC. GRAW EDISON ALON-
QUIN ILLINOIS MODEL 14A4 kW 6,0 1 SERIAL 92231 V230
AC.

Jurtaolía var höfð í pottinum við prófunina, og var áletrun á umbúðum oliunnar AUROURA, Salat olía hrein ólituð soyabauna-olía, olía þessi var fengin í Smjörlíkisgerðinni h.f., Reykjavík.

Magn feitarinnar, sem í pottinum var við prófunina, var við byrjun prófunar á neðra merkinu, sem er innan á pottinum að aftan og merkt er „add fat“, og mældist þá vera 7.1. Við upphitun þandist feitin út, og við 200°C náði hún þó ekki efra markinu, en það er „full“, feitin mældist hafa þanist út 0,8 l.

Til hitamælinga á feitinu var notaður hitamælir frá Hartman und Braun AG., Þýzkalandi „Polykomp“ 12 rása síritamælir, en á honum eru rásirnar 1 til 10 til mælinga á hita í allt að 100°C, en rásirnar 11 og 12 til mælinga á hita upp í 400°C, og voru tvær síðast nefndu rásirnar notaðar við mælingarnar og við þær tengdir hitaskynjarar, sem hafðir voru 10-12 mm undir yfirborði feitarinnar.

Í djúpteikingarpottinum eru tveir hitaliðar, frá þeim liggja hitaskynjarar við hlið hitalda, sem eru niðri í feitinu, og er skynjurunum fest við hitöldin með vír.

Annar þessara hitaliða er faststilltur á hámarkshitarof (200°C) og er ekki hægt að breyta stillingu hans utan frá, því hann er lokaður inni í umgerð pottsins. Hinn hitaliðinn er aftur á móti þannig, að hægt er að breyta stillingu á honum með þar til gerðum stillihnappi, sem er 56 mm í þvermál, og eru merkingar á rönd hans með nokkru millibili off — 250 1111 300 1111 350

11111 400 — off. Ef ytri brún hnappsins væri þannig deilt niður í °, þá er bilið frá „off“ að tölunni 250 um 130°, en síðan kemur bilið, sem merkt er 200-400, en það nær yfir um 180° af hnappnum, og eru strikin og tölurnar með nokkuð jöfnu bili þar á milli. Frá tölunni 400 að stöfunum „off“ eru engin strik eða merki. Tveir gaumlampar eru við hlið hitaliðans, og var annar þeirra (sá efri) bilaður, en sá neðri sýndi, þegar straumsamband var á hitöldum í gegnum hitaliða.

Gerðar voru þrjár hitaprófanir á djúpsteikingarpottinum, og verða prófanir þessar merktar 1, 2, 3.

Prófun I.

Valhnappur hitaliða stilltur á töluna 250, þegar jöfnum hita var náð í feitinni, mældist hiti 180-184°C. Valhnappur stilltur á töluna 300, og mældist hitastig í feitinni 195-202°C, eftir það breyttist hitastig feitarinnar ekki, þótt hækkað væri í töluna 400 á stillihnapp hitaliða.

Prófun II.

Við prófun tvö var hitaliðinn stilltur þannig, að þar sem hann gaf fyrst straumsamband (en það er í um 84° frá merkinu „off“ á valhnappnum) varð hiti í feitinni 154-160°C. Þá var hækkað á valhnapp hitaliðans og hann stilltur sem næst á mitt bilið milli þess sem hann gaf fyrst straumsamband og tölunnar 250, en það er um 107° frá off. Við þessa prófun komst hitinn í feitinni upp í 164-170°C. Þá var enn hækkað á hitaliða, og nú var hitaliði stilltur á töluna 250, og mældist hiti nú í feitinni 178-184°C. Við töluna 300 á valhnapp mældist hiti í feitinni 196-202°C. Þessi hiti hélst áfram í feitinni, þótt hækkað væri upp í töluna 400 á valhnapp hitaliðans.

Prófun III.

Við prófun III var skynjari faststillt hitaliða tekinn upp úr pottinum og aðeins hafður í honum til stýringar stillanlegi hitaliðinn og hann stilltur með valhnapp á töluna 300, þá varð hámarkshiti feitarinnar 206-211°C. Við töluna 350 varð hiti 237°C. Yfir snertur hvors hitaliða voru tengd gaumljós til að sjá, við hvaða hitamark í feiti hitaliðarnir rifu samtímis, en við það hitastig er staða valhnapps þannig, að hann stendur á þriðja striki ofan við töluna 250, en það er um 164° frá „off“. Prófun við

hærri stillingu hitaliða var ekki gerð, þar sem við 240°C hita í slíkri feiti getur orðið íkveikja (samkvæmt upplýsingum frá Eldvarnareftirliti Reykjavíkurborgar).

Niðurstaða:

1. Það virðist ljóst af þeim prófunum, sem gerðar hafa verið, að ekki er samræmi milli talna á valhnapp hitaliða eða hita í feiti, eins og sést á samanburðar tölum hér á eftir

Merking á hitaliða	Hiti í feiti í °C.
250	180-184°
300	195-202°
350	195-202°
400	195-202°

Við lægstu stillingu, sem hægt er að láta stillanlega hitaliðan virka eðlilega á, er 154-160°C, en sú staða er ekki merkt á valhnapp.

2. A) Við prófun II er það greinilegt, að hægt er að stilla hitaliðann með valhnappnum, töluvert neðan við töluna 250, sem er merkt á hitaliðanum.

B) Ekkert merki er á valhnapp, er sýnir, hvar hitaliðinn fyrst gefur straumsamband, þó sjá megi það á gaumljósi og lítið „klikk“ heyrist í liðanum.

C) Vegna þess að allar merkingar vantar til viðmiðunar á valhnapp milli tölunnar 250 og off, er hætt við, að meiri ónákvæmni verði við tilfærslu valhnappsins, þegar valið er neðan við töluna 250.

3. Í ljós kemur við prófun III, að hámarkshiti í feiti getur mest orðið um 200°C, og er það hinn faststillti hitaliði, sem ræður því hitamarki, því prófun sýndi, að með því að taka burtu skynjara faststillts hitaliða er hægt að hita feitina í meira en 230°C. Við prófanir var hiti í prófstofu 22-24°C.

Þá hefur Rannsóknastofa iðnaðarins gert athugun á hitaþenslu jurtaolíu í djúpsteikingarpotti og mælt bræðslumark efnis þess, sem umrædd fata er gerð úr.

Skýrsla stofnunarinnar um fyrra atriðið er svohljóðandi:

„Að beiðni Loga Guðbrandssonar, hæstaréttarlögmanns, var gerð prófun á hitaþenslu jurtaolíu í djúpsteikingarpotti. Áður hafði Magnús Guðmundsson hjá Rafmagnseftirliti ríkisins gert hitaprófun á sama potti, og er hér vísað í skýrslu hans frá 14.06.

1976 með lýsingu á pottinum og hitastillingunum. Í skýrslunni kemur fram, að 7 l af jurtafeiti þenjast út 0.8 l við ca. 200°C.

Þessi prófun var endurtekin, en reynt að gera ákvarðanirnar nokkru nákvæmari.

Fyllt var upp að merkinu „ADD FAT“ í pottinum með nýrri jurtafeiti, og reyndist rúmmál feitinnar vera 6.800 ml.

Stílt var á 300 á hitaliða. Við það hitnaði olían í ca. 200°C (195-202°C). Hitastig oliunnar er þó ekki jafnt, þar sem hún er nokkrum gráðum kaldari í botni pottsins undir hitaelementum, jafnvel þó að hrært sé í feitinni.

Þegar feitin hitnar, þenst hún út og yfirborðið hækkar í pottinum. Við ca. 200°C mældist yfirborð feitinnar vera rúmunum 11 mm hærra en við 23°C (það nær þó ekki alveg upp að merkinu „FULL“).

Eftir að potturinn og feitin hafði kólnað í ca. 23°C, var bætt út í hann feiti, þannig að yfirborðið var í sömu hæð og við ca. 200°C. Til þess að ná því merki þurfti 880 ml af feiti. Þessi ákvörðun er ekki nákvæm vegna þess, hve potturinn er víður.“

Skýrsla stofnunarinnar um síðara atriðið er svohljóðandi:

„Bræðslumark var ákvarðað samkvæmt BS 2782 (British Standards) „Method“ 103 C. Bræðslumark mældist 125-127°C. Mýkingarhitastig var mælt á þann hátt, að bútur af plastinu var lagður á hitaplötu. Platan var síðan hituð hægt, 1-2°C mín., og mælt hitastig, þegar plastið fór að límast við plötuna. Mýkingarhitastig mældist 110-115°C. Bræðslumark og mýkingarhitastig liggja oft á nokkurra gráðu bili fyrir plastefni.“

Aðalkrafa stefnanda er í fyrsta lagi byggð á því, að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað, en á því beri stefndi ábyrgð gagnvart stefnanda sem vinnuveitandi. Vanbúnaður þessi hafi annars vegar verið fólgin í því, að hurð milli veitingasalar og eldhúss hafi verið biluð, svo sem stefnandi hafi skýrt frá. Hafi hurðin skolið á stefnanda, þegar hún ætlaði að fara með feitinu, sem hún þurfti að taka úr pottinum, fram í eldhúsið. Þá er því og haldið fram, að stefnanda hafi verið falið það verkefni að skipta um feiti í umræddum potti og til þess hafi hún fengið plastfötu þá, sem hún notaði. Þessi útbúnaður hafi verið allsendis ófullnægjandi og megi rekja orsök slyssins til þess, þar sem leitt sé í ljós, að plastfatan hafi bráðnað, vegna þess hve feitin var heit, og hafi hún þá runnið niður á fætur stefnanda. Er því haldið

fram af hálfu stefnanda, að vegna þess að stefndi hafi ekki kvatt starfsmenn Öryggiseftirlits ríkisins á vettvang, svo sem honum hafi þó borið skv. 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, verði hann að bera allan halla af skorti á sönnunum varðandi þessi og önnur atriði varðandi slysið, sem rekja megi til þess, að rannsókn fór ekki fram þegar í stað.

Þá er krafa stefnanda byggð á því, að stefnandi hafi ekki fengið fullnægjandi leiðbeiningar til undirbúnings starfi því, sem hún átti að vinna umræddan morgun, þ. e. að skipta um feiti í steikarpottinum, og einnig hafi verkstjórn í veitingastofunni verið ófullnægjandi. Er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki áður skipað um feiti í pottinum og hún hafi ekki fengið neinar leiðbeiningar um, hvernig verkið skyldi unnið. Hafi starfsfólkinu lítið sem ekkert verið sagt til verka með tilliti til þess, hvað væri hættulegt. Hafi stefnandi þannig aldrei verið vörð við hættu af heitri feiti við störf við steikarpottinn. Potturinn sé hins vegar mjög hættulegur í notkun og sé nauðsynlegt að umgangast hann með mikilli varúð. Stefnandi og stúlka sú, sem með henni starfaði umræddan morgun, hafi verið ungar og reynslulitlar. Því hafi verið nauðsynlegt að leiðbeina þeim og vara þær við þeim hættum, sem fylgdu störfum við pottinn. Er því mótmælt, að málm-pottur og sleif hafi verið notuð til að taka feiti úr pottinum, þegar of mikil feiti hafði verið látin í hann, eða að stefnandi hafi vitað um það. Þá er aðalkrafa stefnanda byggð á því, að stefndi beri ábyrgð á tjóni stefnanda vegna hugsanlegrar þátttöku annarra starfsmanna eða annarra, sem hann ber ábyrgð á. Er því haldið fram í því sambandi, að miklar líkur séu til þess, að Ásgeir, sonur stefnda, sem staddur var í veitingastofunni, þegar atburðurinn gerðist, hafi hækkað hitann í pottinum, er hann var að steikja sér kartöflur, án þess að láta stúlkurnar vita. Hafi feitin því verið orðin heitari en stefnandi hafi gert ráð fyrir. Er því haldið fram, að stefndi beri ábyrgð á hugsanlegu skaðaverki sonar síns, þar sem hann hafi verið staddur í veitingastofunni með heimild stefnda og hafi Ásgeir að eigin sögn komið þangað sem starfsmaður til að skræla kartöflur. Varakrafa stefnanda er byggð á því, að samkvæmt kjarasamningi starfsfólks í veitingahúsum hafi vinnuveitendum borið að kaupa slysatryggingu fyrir starfsfólk sitt. Því hafi stefnda borið að kaupa slíka tryggingu fyrir starfsfólk sitt, þar á meðal stefnanda. Slysatrygging þessi sé örorku-trygging og séu bætur greiddar í hlutfalli við metna örorku án

tillits til sakar hins slasaða starfsmanns. Á þeim tíma, er slysið varð, hafi fjárhæð slíkrar tryggingar numið kr. 700.000, en örorka stefnanda af völdum slyssins hafi verið metin 15%. Því hefði greiðsla til stefnanda á grundvelli slíkrar tryggingar numið kr. 112.500. Nú hafi hins vegar komið í ljós, að slysatrygging sú, sem stefnandi hafði keypt fyrir starfsfólk sitt, hafi ekki verið í gildi sökum vangreiddra iðgjalda. Á þessu beri stefndi ábyrgð gagnvart stefnanda og beri honum því sjálfum að greiða þessa fjárhæð.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að umrætt slys verði ekki rakið til neinna þeirra orsaka, er leiði til fébótaábyrgðar stefnda. Slysið verði eingöngu rakið til gáleysis stefnanda, því ekki hafi þurft að taka heita feiti úr pottinum, nema of mikið væri sett í hann af kæruleysi. Er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið að skipta um feiti í pottinum, enda hafi hún ekki fengið fyrirmæli um það, heldur hafi hún verið að bæta í hann kaldri feiti, áður en viðskipti hæfust um morguninn. Búið hafi verið að leiðbeina stefnanda um, hvernig þetta og önnur störf í veitingastofunni skyldu unnin, m. a. að setja heita feiti aðeins í málmílát. Auk þess hafi stefnandi verið búin að vinna þarna það lengi, að hún hafi einnig af þeirri ástæðu verið kunnug pottinum og átt að vita þetta. Er slysið varð, hafi stefnandi verið búin að kveikja undir pottinum, er hún hafi gert sér grein fyrir, að hún hafði látið of mikla feiti í hann. Hún hafi ætlað að taka blikkfát eða sósuskál til að ausa í feitinni úr pottinum, svo að hæfilegt yrði í honum. Hún hafi þó hætt við það, er hún sá, að fatið eða sósuskálin var óhrein. Í stað þess að hreinsa fatið eða skálina, sem verið hafi þáttur í starfi hennar, hafi hún tekið plastfötuna og ausið í hana. Þá er því haldið fram, að slysið verði ekki með neinum hætti rakið til hurðarinnar milli eldhússins og veitingasalar, enda hafi hún alls ekki verið biluð. Þá er því og mótmælt sem ósönnuðu, að Ásgeir sonur stefnda hafi breytt hitastillingu pottsins.

Stefndi tilkynnti ekki Öryggiseftirliti ríkisins slysið, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Ekki leitaði stefndi heldur til rannsóknarlögreglunnar um rannsókn á atvikum að slysinu.

Þegar virt er það, sem fram er komið í málinu með hliðsjón af sönnunaraðstöðu aðilja, þykir verða að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi verið að skipta um a. m. k. hluta af feitinni í pott-

inum að fyrirlagi stefnda. Hafi stefnandi ausið kaldri feiti úr pottinum í plastfötuna og síðan sett nýja feiti í pottinn, þar sem hann stóð frammi í veitingasalnum. Má telja, að yfirborð feitinnar hafi þá verið á milli merkjanna tveggja í skál pottsins. Síðan hafi stefnandi stillt valhnapp pottsins á 150 „gráður“, að því er hún taldi, en ekki er merki á valhnapp pottsins, sem samsvarar þeim hita. Af rannsókn Rafmagnseftirlits ríkisins kemur fram, að við lægstu stillingu, sem hægt er að láta stillanlega hitaliðann virka á, hitni feitin í 154-160°C, en ekki er sú staða merkt á valhnappnum á pottinum. Það hitastig er hærra en bræðslumark efnis þess, sem plastfatan var gerð úr. Af framburðum stefnanda og Gyðu Þórðardóttur má ráða, að þannig hafi potturinn staðið nokkra stund, áður en stefnandi hugðist minnka feitina í honum. Af rannsóknum þeim, sem raktar hafa verið hér að framan má ráða, að nokkur aukning hafi orðið á rúmmáli feitarinnar í pottinum, jafnvel þótt hitastillirinn væri stilltur, þar sem hann gaf fyrsta straums samband. Þykja framangreind atriði nægja til að skýra atvik að slysinu, en ekki þykir grundvöllur til að telja, að bilun á hurðinni milli eldhúss og veitingasalar hafi einnig komið til. Gegn neitun Ásgeirs Sverrissonar þykir heldur ekki grundvöllur til að telja, að hann hafi hækkað hitastillingu pottsins. Það er ósannað, að stefnandi hafi áður unnið við að skipta um feiti í pottinum að nokkru eða öllu leyti. Af framburði stefnda og eigin konu hans kemur fram, að það hafi komið fyrir, að of mikil feiti væri sett í pottinn. Við meðferð á heitri feiti er þörf sérstakrar varúðar, en ósannað er, að það hafi verið brýnt fyrir stefnanda við störf hennar í veitingastofunni. Verður að telja ósannað, að stefnandi hafi fengið fullnægjandi leiðbeiningar um hættur við störf við steikarpottinn, en stefnda var ljóst, að stefnandi hafði ekki áður starfað á stað sem þessum. Er og á það að líta, að stefnandi og Gyða voru einar við störf í veitingastofunni, er þetta gerðist, en telja verður fram komið, að stefndi hafi komið þar áður um morguninn. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir mega rekja orsakir slyssins til þess, að stefnandi hafi ekki fengið fullnægjandi leiðbeiningar til undirbúnings sjálfstæðum störfum í veitingastofunni og að einnig hafi skort á fullnægjandi verkstjórn. Á þessu ber stefndi sem vinnuveitandi ábyrgð gagnvart stefnanda, og ber hann því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Hins vegar er á það að líta, að stefnandi gerði sér grein fyrir, að hiti getur brætt plast, og þótt ekki verði ætlast

til þess, að stefnandi gerði sér nákvæma grein fyrir bræðslumarki plasts þess, sem fatan var gerð úr, þá verður að telja, að stefnandi hafi sýnt nokkra óvarkárni, er hún jós feitinni úr pottinum, sem logað hafði undir nokkurn tíma, í plastfötuna. Þykir eftir öllum atvikum hæfilegt að skipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda þannig, að stefndi bæti $2/3$ hluta þess, en stefnandi beri $1/3$ hluta þess.

Verður nú afstaða tekin til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

- | | |
|----------------------|---------------|
| 1. Örorkutjón | kr. 1.353.272 |
| 2. Bætur fyrir miska | — 1.000.000 |

Kr. 2.353.272

Jónas Hallgrímsson læknir hefur metið örorku stefnanda. Í mati læknisins, dags. 29. maí 1974, eru rakin vottorð lækna um brunasárin, meðferð þá, sem stefnandi hlaut, og endanlegt ástand þeirra. Er matsgerðin svohljóðandi:

„Helga var flutt á Slysadeild Borgarspítalans strax eftir slysið, sbr. vottorð Hauks Árnasonar, læknis, dags. 21/3 1973, en þar segir svo:

„Hinn 27/8 1972, kl. 10.00, kom í Slysadeild Bsp. stúlka, er kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hún greinir svo frá, að þá skömmu áður hafi hún brennt á sjóðandi feiti. Hún var að vinna í Hlíða-grilli, er þetta skeði.

Við skoðun kom í ljós I. og II. stigs bruni á báðum leggjum og ofan vinstra hnés. Um helmingur brunans er II. stigs bruni. Var meðhöndluð með kælingu og síðan vaselin grisju brunaumbúðum. Fékk Penicillin töflur og verkjatöflur.

Kom til eftirlits 31/8. Skipt var á brunasárum. Nokkuð af brunablöðrunum var opnað og tæmdur vökvi úr þeim.

Kom enn til eftirlits 4/9. Þá var skipt á brunasárum. Virtist gróin á hægri læri, og leit bruninn sæmilega vel út á vinstri ganglim. Bruninn virtist þá dýpstur á vinstri hæl og innanvert yfir öklanum. Kom enn til eftirlits 7/9, og var þá skipt á brunanum. Við skoðun þann dag virtist eins og hluti af brunanum væri III. stigs bruni, og var hún því innlögð á Handlæknisdeild Landspítalans. Skv. bréfi þaðan lá hún í Landsp. 7/9—30/9.

Vottast skv. sjúkraskrá Helgu Jónsdóttur og að beiðni Loga Guðbrandssonar.“

Helga var síðan lögð á Handlæknisdeild Landspítalans þ. 7/9

1972, og lá hún þar til 30/9 1972, sbr. vottorð Árna Björnssonar læknis, dags. 4/6 1973, en þar segir svo:

„Helga Jónsdóttir, f. 12/2 1955, til heimilis að Álíheimum 36, Rvík., var lögð inn á Handlæknisdeild Landspítalans hinn 7/9 1972, vegna þess að hún hafði hinn 27/8 hlotið brunasár á vi. fót. Að sögn hafði þetta skeð þannig, að heit feiti slettist yfir fótinn, er slasaða var við vinnu.

Við skoðun, er slasaða kom á deildina, kom í ljós, að hún hafði brunasár allt frá vi. læri miðju og niður á rist. Sárin voru innanvert á fótleggnum og lærinu, en ekki að utanverðu. Smá svæði var þó brennt aftan á kálfanum. Meðferð á brunasárunum var eins og venjulega skiptingar, og var ekki gerður á henni húðflutningur, þar eð sárin greru allvel, en slasaða útskrifaðist hinn 30. 9. 1972. Hún kom í skiptingar allt fram til 25. 10. 1972, en þá voru sárin alveg gróin. Og hinn 24. 4. 1973 kemur hún enn til eftirlits, og er þá umsögn um örin eftirfarandi: Örin á vi. kálfa eru mjög áberandi, sérstaklega mikið lituð og mikið þykkildi í þeim, aðallega neðst yfir hásininni og neðan við öklann. Önnur ör eru sýnileg, þannig að litarbreyting er á húðinni allt upp á mitt læri. Þá var ákveðið að bíða í hálft ár og sjá, að hvað miklu leyti örin jafni sig, en þau eiga vafalaust eftir að gera það eitt-hvað. Hins vegar er ljóst, að hér er um varanleg og allmikil lýti að ræða, sem þó ekki ættu að hafa áhrif á starfsgetu slösuðu.

Ástandið verður tekið til endurskoðunar og endurmats að hálfu ári liðnu, og þá kemur til greina að gera aðgerðir, sem þó varla mundu hafa bein úrslitaáhrif á það, sem sagt hefur verið hér að framan.“

Helga mun nýlega hafa leitað til Árna Björnssonar, og hafði hann þá talið, að frekari aðgerðir á örunum væru þýðingarlausar, með það fyrir augum að bæta útlit þeirra.

Helga kom til undirritaðs þ. 10/5 1974. Hún segist enn hafa óþægindi í fótleggnum, og er það aðallega náladofi og stingir, en þeir hafa þó dofnað mikið frá því fyrst eftir slysið. Sérstaklega hefur hún óþægindi í örunum, ef hún er í hita og ef hún hefur staðið lengi. Hún segir örin blána upp við áreynslu og kulda og fóturinn stirðni þá. Hún segist ekki ganga í stuttum kjólum og mundi ekki ætla sér að gera það í framtíðinni og segist alltaf vera í síðum kjólum eða síðbuxum. Hún kveður örin hafa minnkað talsvert frá skoðun Árna Björnssonar í júní 1973.

Við athugun sjást stór og óregluleg ör framan á og á innanverð-

um og aftanverðum vinstri fótlegg, og einnig ná örin niður á vinstri rist. Örin eru marglit, því þar skiptast á hvítir litlausir blettir og ljósbrúnir blettir og síðan rauðblá, þykknuð og hörð svæði, en í þau fær hún óþægindi sem að ofan er greint frá. Yfir innri öklahnútinni er rauðblátt þykkni. Ljósbrúnleitur litur er upp eftir vinstra læri aftanverðu og innanverðu.

Helga er nú í Menntaskólanum í Reykjavík og mun ætla í Háskólann, þegar hún er orðin stúdent.

Niðurstaða:

Við mat á afleiðingum þessa slyss ber að hafa í huga annars vegar óþægindi þau, sem stúlkan hefur í brunaörunum og erfiðleika hennar við það að þurfa að takmarka klæðaburð sinn við síðan fatnað, bæði vegna óþæginda við að kulda setur að fætinum og hins vegna hinna miklu lýta, sem af örunum stafa. Í þessu sambandi er rétt að benda á hæstaréttardóm nr. 73/1967, þar sem varanleg örorka var metin á grundvelli örvefs á handlegg ungrar stúlku. Helga hefur því hlotið bæði tímabundna og varanlega örorku af slysinu.

Telst örorka hennar sem hér segir:

Frá slysinu í 2 mánuði	100%
Síðan í 6 mánuði	50%
Loks varanleg örorka	15%“

Læknirinn hefur staðfest matsgerð sína hér fyrir dómi. Gerði hann þá jafnframt nánari grein fyrir mati sínu. Kvað hann stefnanda hafa óþægindi af örum þeim, sem hún ber eftir brunann, þegar hún sé í miklum hita og miklum kulda, og muni þau óþægindi verða varanleg. Þá séu örin mjög áberandi og á þeim stað, sem erfitt sé að hylja þau með klæðum miðað við venjulegan klæðaburð kvenna. Því muni stefnandi ekki geta gengið stutt-klædd og sé mjög vafasamt, að hún geti stundað baðstaði, svo sem hún telji sjálf. Þá sé á það að líta, að við viss störf séu gerðar ákveðnar kröfur til klæðaburðar, svo sem flugfreyjustörf, og framreiðslustörf. Af framangreindum ástæðum kvaðst læknirinn telja ör þau, sem stefnandi ber eftir slysið, og lýti þau, sem af þeim stafa, þess eðlis, að þau hafi áhrif á starfsgetu stefnanda.

Með hliðsjón af því, sem hér kemur fram um grundvöll læknisins fyrir matinu á örorku stefnanda, þykir rétt að taka afstöðu til beggja liða dómkröfu stefnanda í einu.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað áætlað verðmæti tæpaðra vinnutekna stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats. Í bréfi tryggingafræðingsins, dags. 18. júní 1974, segir svo um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu:

„Um rökstuðning fyrir mati læknisins skírskotast til örorkumatsgerðarinnar. Eftirfarandi útreikningur miðast að venju við þá hundraðshluta örorku, sem tilgreindir eru í mati, án tillits til sjúkdómsgreiningar læknis.

Helga er sögð fædd 12. febrúar 1955 og hefur samkvæmt því verið 17 ára gömul, er hún varð fyrir slysi því, sem hér um ræðir. Hún var þá í sumarvinnu, starfaði í eldhúsi matsölustaðar, en stundaði menntaskólanám að vetrinum. Í örorkumatsgerðinni er enn fremur tekið fram, að hún hyggist leggja stund á háskólanám að loknu stúdentsprófi.

Með hliðsjón af framangreindum upplýsingum er óhugsandi, að stuðningur geti orðið að vinnutekjum Helgu fyrir slysið við áætlun tekna langt fram í tímann. Þegar í hlut eiga stúlkur á hennar aldri, sem ekki eru komnar í fast starf eða hafa hafið sérnám, er ég vanur að miða árstekjur frá fullorðins aldri við 12 mánaða fast kaup án yfirvinnu samkvæmt 2. launaflokki Iðju í Reykjavík. Jafnframt getur þó verið ástæða til að nota annan tekjugrundvöll til samanburðar.

Auk breytinga, sem orðið hafa á 2. launaflokki Iðju frá slysdegi, hef ég tekið tillit til umsaminna grunnkaupshækkana 1. desember 1974 og 1. júní 1975, 3% í hvort sinn. Reiknast mér árstekjur iðnverkakonu (12-föld föst mánaðarlaun með aldurshækkun) þá verða sem hér segir:

Árið 1972, frá slysdegi	kr. 256.116.00
— 1973	— 299.451.00
— 1974	— 423.514.00
— 1975	— 457.532.00
Eftir þann tíma	— 463.152.00

Á 18. aldursári reikna ég með 80% af ofangreindum árstekjum fullorðinna iðnverkakvenna, 85% á 19. ári, 90% á 20. ári, 95% á 21. ári og fullum tekjum frá 21 árs aldri.

Þegar tekjur iðnverkakonu eru lagðar til grundvallar, tek ég ekkert tillit til skólagöngu að skyldunámi loknu og geri því ráð fyrir vinnutapi í fullu samræmi við örorkumatið. Til samanburðar hef ég gert ráð fyrir skólagöngu til tvítugsaldurs, þ. e.

einungis eins mánaðar tapi vinnutekna haustið 1972 af völdum tímabundins orkutaps, og eftir það varanlegu tapi vegna sumarvinnu 1973 og 1974, 4 mánuði hvort ár, reiknuðu í samræmi við tap iðnverkakonu hér að framan, og vegna verzlunarstarfs frá miðju ári 1975. Miða ég þá við kauptaxta verzlunarmanna og laun í eitt ár samkvæmt 3. launaflokki, tvö ár samkvæmt 4. launaflokki og síðan samkvæmt 5. launaflokki (í þeim flokki eru m. a. bókararar II og gjaldkerar II). Reiknast mér árstekjur frá 1. júlí 1975 þá verða sem hér segir:

Á 1. ári	kr. 449.844.00
Á 2.—3. ári	— 491.460.00
Á 4.—5. ári	— 556.728.00
Á 6.—7. ári	— 572.292.00
Eftir þann tíma	— 587.856.00

Miðað við þann tvenns konar tekjugrundvöll, sem að framan er lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

A. Reiknað með 7% ársvöxtum:

	Miðað við tekjur iðn- verkakonu	Miðað við tekjur verzl- unarstúlkun
Vegna tímabundins orkutaps	kr. 89.487.00	kr. 16.524.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir það	— 873.234.00	— 965.962.00
	Samtals kr. 962.721.00	kr. 982.486.00

B. Reiknað með 7% ársvöxtum

frá slysdegi til 16. maí 1973,

en 9% ársvöxtum eftir þann tíma:

	Miðað við tekjur iðn- verkakonu	Miðað við tekjur verzl- unarstúlkun
Vegna tímabundins orkutaps	kr. 89.487.00	kr. 16.524.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir það	— 700.990.00	— 752.612.00
	Samtals kr. 790.477.00	kr. 769.136.00

Sé gert ráð fyrir tapi lífeyrisréttinda í hlutfalli við tap vinnutekna, lífeyrisréttindin reiknuð þannig til fjár, að þau jafngildi

6% framlagi vinnuveitanda af gjaldskyldum tekjum, og allar framangreindar tekjur taldar gjaldskyldar til lífeyrissjóðs, hækkar áður nefnt verðmæti tapaðra vinnutekna sem hér segir:

	Miðað við tekjur iðn- verkakonu	Miðað við tekjur verzl- unarstúlkun
Reiknað með 7% vöxtum	kr. 57.763.00	kr. 58.949.00
Reiknað með 9% vöxtum frá 16/5 1973 —	47.429.00	— 46.148.00

Í sambandi við framangreinda tekjuáætlun skal tekið fram, að upplýsingar um árstekjur kvenna, hliðstæðar upplýsingum Framkvæmdastofnunarinnar um vinnutekjur verkamanna samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum, eru ekki tiltækar, en almennt mun vera minni munur á heildartekjum og dagvinnutekjum (eða föstum launum) hjá konum en körlum. Enn fremur koma til álita líkur fyrir því, að kona hætti störfum utan heimilis. Húsmóðurstarf er ég vanur að meta til fjár eftir fjölskyldustærð og geri þá ráð fyrir, að starf á heimili hjóna með tvö börn samsvari dagvinnu iðnverkafólks.

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra kvenna 1951—1960. Með hliðsjón af vaxtahækkun lánastofnana í maímánuði 1973 eru vextir reiknaðir á framangreinda tvo vegu.“

Tryggingafræðingurinn hefur reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda að nýju. Um grundvöll þess útreiknings og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins, dags. 5. apríl 1976:

„Við endurútreikning hef ég tekið tillit til kaupbreytinga, sem átt hafa sér stað síðan í júní 1974 og ekki var tekið tillit til við fyrri útreikning. Auk breytinga á töxtum, sem þegar eru komnar til framkvæmda, hef ég reiknað með hækkanir, sem samið hefur verið um, sbr. rammasamning Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 28. febrúar s.l., og koma eiga til framkvæmda 1. júlí og 1. október 1976 og 1. febrúar 1977.

Með ofangreindum hækkunum reiknast mér árstekjur iðnverkakonu, sbr. fyrri útreikning, verða sem hér segir:

Árið 1972, frá slysdegi	kr. 256.116.00
— 1973	— 299.451.00
— 1974	— 434.014.00
— 1975	— 582.264.00
— 1976	— 741.926.00
— 1977	— 847.507.00
Eftir þann tíma	— 850.884.00

Árstekjur verzlunarmanna frá 1. júlí 1975, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningi, reiknast mér verða sem hér segir:

Á 1. ári	kr. 641.179.00
Á 2. ári	— 812.138.00
Á 3. ári	— 847.080.00
Á 4.—5. ári	— 918.528.00
Á 6.—7. ári	— 937.560.00
Eftir þann tíma	— 956.532.00

Miðað við framangreindan tvenns konar tekjugrundvöll, þó með þeim breytingum á unglingsárum, sem gerð er grein fyrir í fyrri útreikningi, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Miðað við tekjur iðn- verkakonu	Miðað við tekjur verzl- unarstúlku
Vegna tímabundins orkutaps	kr. 89.487.00	kr. 16.524.00
Vegna varanl. orkutaps eftir það	— 1.187.185.00	— 1.205.642.00
Samtals	kr. 1.276.672.00	kr. 1.222.166.00

Sé tap lífeyrisréttinda reiknað til fjár eftir sömu aðferð og við fyrri útreikning, hækkar ofangreint verðmæti um kr. 76.600.00, ef tekjur iðnverkakonu eru lagðar til grundvallar, en um kr. 72.339.00, ef tekjur verzlunarstúlku eru lagðar til grundvallar.

Hér hefur verið reiknað með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan með 9% ársvöxtum til frambúðar. Ef reiknað er með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, eftir það með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og síðan með 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast mér til, að ofangreint heildarverðmæti tapaðra vinnutekna lækki um því sem næst 26.0%, ef tekjur iðn-

verkakonu eru lagðar til grundvallar, en um því sem næst 30.2%, ef reiknað er með tekjum verzlunarstúlkun. Útreikning miðaðan við 7% ársvexti til frambúðar hef ég ekki gert að þessu sinni.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings.“

Krafa stefnanda um bætur fyrir örorkutjón er byggð á niðurstöðu síðari útreikningsins, sem miðaður er við tekjur iðnverkakonu, kr. 1.276.672, að viðbætti fjárhæð tapaðra lífeyrisréttinda, kr. 76.600. Krafa stefnanda um miskabætur er byggð á því, að við slysið og langvarandi lækniþörf hafi stefnandi orðið fyrir miklum sársauka og óþægindum. Hafi stefnandi brennst svo alvarlega, svo sem fram komi í hinum lækniþæðilegu gögnum, að hún beri af þeim sökum veruleg varanleg lýti.

Af hálfu stefnda er kröfu stefnanda um örorkubætur mótmælt sem allt of hárr. Er örorkumati Jónasar Hallgrímssonar lækni mótmælt sem allt of háu. Er því haldið fram, að matið beri með sér, að þar séu útlitslýti metin sem örorka, en í vottorði Árna Björnssonar lækni komi fram, að lýti þau, sem stefnandi ber eftir slysið, ættu ekki að hafa áhrif á starfsgetu hennar. Þá er því haldið fram, að reikna beri með því, að vextir séu nú almennt 13%. Þá er kröfu stefnanda um miskabætur mótmælt sem allt of hárr.

Örorkumati Jónasar Hallgrímssonar lækni, sem hann hefur gert frekari grein fyrir og staðfest hér fyrir dómi, hefur ekki verið hnekkt. Verður það því lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Dómarinn hefur kynnt sér lýti þau, sem stefnandi ber eftir slysið. Eru þau veruleg.

Við ákvörðun bótafjárhæðar þykir rétt að hafa í huga, að almennir vextir hafa um skeið verið hærri en 9%. Þá þykir og bera að taka tillit til þess, að örorkubætur eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari. Þegar atriði þessi eru virt, þykir heildartjón stefnanda af völdum slyssins hæfilega metið kr. 1.200.000. Ber stefnda að greiða stefnanda 2/3 hluta þeirrar fjárhæðar, kr. 800.000, með 7% ársvöxtum frá 27. ágúst 1972 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Kostnaður stefnanda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með málssóknarlaun lögmanns stefnanda, Laga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðst kr. 200.000, og kostnaður, kr. 52.730, en ágreiningslaust er, að nokkur viðbótarkostnaður hafi orðið eftir að máls-

kostnaðarreikningur lögmanns stefnanda kom fram. Stefndi greiði kr. 252.730 í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sverrir Þorsteinsson, greiði stefnanda, Helgu Jónsdóttur, kr. 800.000 með 7% ársvöxtum frá 27. ágúst 1972 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málflutningslaun lögmanns stefnanda, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000, greiðist úr ríkissjóði svo og annar kostnaður við rekstur málsins, kr. 52.730. Stefndi greiði kr. 252.730 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júní 1978.

Nr. 232/1976. **Ingólfur Bjarnason**
Guðrún Ingólfsdóttir
Hrafnhildur Hrafnisdóttir
Ingibjörg Ingólfsdóttir og
Sigríður Ingólfsdóttir

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Ásdísi Jóhannesdóttur

(Ragnar Jónsson hrl.).

Fasteign. Umferðarréttur. Vettvangsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu